

Breytingin felst í því að svæði fyrir opinberar stofnanir við Bjarkarás verður íbúðarsvæði og íbúðarsvæði við Brekkuás verður svæði fyrir opinberar stofnanir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi 1. janúar 2004:

Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 880, 17. desember 1999, með síðari breytingum, breytist þannig:

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu verða sem hér segir:

- a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli kr. 200.
- b. Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra kr. 39.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Helgi Bjarnason.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hönnu og Harald Hope.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hönnu og Harald Hope.

2. gr.

Heimili sjóðsins er á biskupsstofu í Reykjavík

3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Harald Hope sóknarprest, handhafa fálkaorðunnar og St. Ólafsorðunnar og Hönnu Hope, vegna starfs þeirra í þágu íslenskrar þjóðar og Þjóðkirkju, svo og til eflingar sambandi Íslands og Noregs, þar sem kirkju- og sögustaðurinn Skálholt skal vera þungamiðjan.